

HS VEITUR

Almenn kynning



Tilgangur og starfssemi



Fyrirtækið varð til þann 1. desember 2008 við uppskiptingu á Hitaveitu Suðurnesja hf.

- Er í meirihlutaeigu opinberra aðila samkvæmt lögum nr. 58 frá 2008
- Sér um dreifingu og sölu á heitu vatni
- Sér um vatnsöflun, sölu og dreifingu á köldu vatni
- Sér um dreifingu á rafmagni sem Landsnet afhendir inn á kerfið
- Rekur starfsstöðvar á Suðurnesjum, Hafnarfirði, Selfossi og Vestmannaeyjum
- Sér um dreifingu og sölu á heitu- og köldu vatni á Suðurnesjum og Vestmannaeyjum
- Sér um dreifingu á rafmagni á Suðurnesjum, í Hafnarfirði, Álftanesi, hluta Garðabæjar og Árborg



Forsagan



- 1974** Hitaveita Suðurnesja (HS) var stofnuð af sveitarfélögunum sjö á Suðurnesjum og íslenska ríkinu og lög þess efnis undirskrifuð af forseta Íslands þann 31. des. sama ár.
Tilgangur fyrirtækisins í upphafi var að sjá íbúum á Suðurnesjum fyrir heitu vatni
- 1985** Sameinast bæjarrafveitur á Suðurnesjum HS
- 2001** Fyrirtækinu breytt í hlutafélag í samruna við Rafveitu Hafnarfjarðar
- 2002** Sameingin við Bæjarveitur Vestmannaeyja
- 2003** Sameining við Vatnsveitu Reykjanesbæjar
- 2004** Sameining við rafveitu hluta Selfossveitna
- 2005** Sameining við vatnsveitu Gerðahrepps
- 2006** HS tekur að sér umsjón með veitukerfum Keflavíkurflugvelli við brotthvarf varnarliðsins og árið 2008 keypti HS veitukerfin
- 2008** HS skipt upp í tvö aðskilin fyrirtæki þann 1. desember, HS Veitur og HS Orku
- 2014** Fyrsti starfsmaður HS Veitna ráðinn
- 2015** Veitustarfsmenn færast frá HS Orku og verða starfsmenn HS Veitna



Eigendur og stjórn



Eigandi	Hluttur	Fjöldi stjórnarmanna
Reykjanesbær	50,10%	4
HSV eignarhaldsfélag slhf	49,80%	3
Suðurnesjabær	0,10%	0
Samtals:	100%	7



Stefna



Að vera best rekna dreififyrirtæki landsins

- Fyrirtækið veitir viðskiptavinum sínum fyrsta flokks þjónustu og leggur áherslu á að vörur fyrirtækisins séu framúrskarandi að gæðum, á hagstæðu verði og afhending þeirra stöðug og trygg
- Lögð er áhersla á stöðugar umbætur og áreiðanleika í starfi
- Fyrirtækið vinnur í fullu samræmi við kröfur og vottuð stjórnunarkerfi
- Starfsmenn vinna faglega og markvisst, eru ötulir og hafa frumkvæði með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi
- Fyrirtækið leggur áherslu á símenntun, stöðuga þjálfun og góðan aðbúnað
- Fyrirtækið býr starfsmönnum öruggan, fjölskylduvænan, frjóan og uppbyggjandi vinnustað. Ánægðir starfsmenn eru lykill að velgengni fyrirtækisins og þeirra sjálfra
- Fyrirtækið ástundar heiðarleg samskipti og sveigjanleg, skilvirk og samhæfð vinnubrögð
- Fyrirtækið fræðir samfélagið um starfsemi sína með kynningar- og útgáfustarfsemi
- Fyrirtækið leggur áherslu á sterka umhverfis- og öryggisvitund starfsmanna
- Lögð er rík áhersla á fyrirbyggjandi og ástandsbundið viðhald til að tryggja öryggi, áreiðanleika og endingu
- Markmiðið er að skapa raunverulegan ávinning fyrir viðskiptavinum, starfsmönnum, fyrirtækið, eigendum þess og samfélagið í heild



Rekstur, tölulegar upplýsingar



- Tekjur rúmlega 8 milljarðar 2021
- EBITDA 3.238 milljarðar 2021
- Eigið fé fyrirtækisins er kr. 14.916 31.12.2021
- Eiginfjárhlutfall er 48% 31.12.2021
- Fastafjármunir 2.479 milljarðar 31.12.2021
- Heildareignir 31.083 milljarður 31.12.2021
- Hagnaður fyrir skatta árið 2019 kr. 1.884.355 milljónir
- Hagnaður fyrir skatta árið 2020 kr. 657.329 milljónir
- Hagnaður fyrir skatta árið 2021 kr. 1.128.896 milljónir



Starfsmenn og annað



Það starfa um 95 manns hjá fyrirtækinu.

Starfsmenn eftir starfssvæðum:

- 63 starfa í Reykjanesbæ
- 16 starfa í Hafnarfirði
- 5 starfa í Árborg
- 11 starfa í Vestmannaeyjum

Meðalaldur starfsmanna er 53,4 ár



Notendum fjölgar, miklar fjárfestingar



- Þjónustum heimili og fyrirtæki
 - 80.500 viðskiptavinir með raforku
 - 32.200 viðskiptavinir með hitaveitu og álíka fjöldi með ferskvatn
- Fjárfestingar árin 2013 – 2017 um 8.233 m.kr.
- Fjárfestingar árið 2018 alls 3.206 m.kr.
- Fjárfestingar árið 2019 alls 2.410 m.kr.
- Fjárfestingar árið 2020 alls 1.309 m.kr.
- Fjárfestingar árið 2021 alls 1.500 m.kr.
- Áætlað að fjárfesta fyrir um 1.850 m.kr. árið 2022



Gildi fyrirtækisins



Traust

Viðskiptavinir HS Veitna geta treyst því að fá góða vöru og þjónustu. Einnig geta birgjar og aðrir viðskiptavinir félagsins treyst því að félagið standi við það sem samið er um. Unnið er af heilindum, fagmennsku og samvisekusemi auk þess sem heiðarleiki er ætíð hafður að leiðaljósi.

Virðing

HS Veitur bera virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsfólki. Við stöndum við það sem við segjum og sýnum virðingu. Við keppumst við að ávinna traust viðskiptavina okkar, forðast hagsmunaárekstra og starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti í sátt við umhverfi og samfélag.

Framfarir

HS Veitur munu leita allra leiða til að vera í fararbroddi í þjónustu og nýjungum. Ákvarðanatataka þarf að ganga hratt og vel fyrir sig og framkvæmdin jafnvel enn hraðar. Starfsfólk HS Veitna leggur áherslu á að efla sig í starfi, það leitast við að vera leiðandi á sínu sviði með framsækni, fagmennsku og framúrskarandi vinnubrögðum.



Vottað gæðastjórnunarkerfi



Vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt ISO 9001:2015.

BSI sá um að framkvæma vottunina en þeir eru leiðandi aðili í vottun á stjórnkerfum samkvæmt alþjóðlegum stöðlum.

Vottunin tryggir að unnið sé eftir verkferlum sem ná til allra þátta í starfsemi fyrirtækisins þar sem stöðugar umbætur og eftirfylgni eiga sér stað.



Jafnlaunavottun



Vegferðin að jafnlaunavottun hófst með gerð jafnréttisáætlunar sem Jafnréttisstofa samþykkti í lok júní 2020.


Á haustmánuðum 2020 var regluverk hannað til að uppfylla skilyrði jafnlaunastaðalsins ÍST 85. Tveir ráðgjafar voru fyrirtækinu innan handar við ferlið.

Undir lok nóvember 2020 hófst svo vottunarferlið sjálft með forúttekt og lauk í enda árs 2020 með vottunarúttekt.

Vottunarstofan iCert annaðist vottunina.

HS Veitur hlutu vottun frávika- og athugasemdalaust en nokkur tækifæri til úrbóta voru greind.

Það er svo Jafnréttisstofa sem staðfesti vottunina í upphafi árs 2021.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

Framúrskarandi fyrirtæki



Árið 2021 er níunda árið í röð


Creditinfo staðfestir hér með að HS Veitur hf er í hópi framúrskarandi fyrirtækja á Íslandi. Til þess að eiga kost á viðurkenningunni þurfa fyrirtækin að uppfylla strangt gæðamat byggt á faglegum kröfum og greiningu Creditinfo.

Skilyrðin eru:

- Hefur skilað ársreikningi til RSK fyrir rekstrarárin 2018–2020
- Er í lánshæfisflokk 1, 2 eða 3
- Rekstrarhagnaður (EBIT) var jákvæður rekstrarárin 2018–2020
- Eiginfjárlutfall var a.m.k. 20% rekstrarárin 2018–2020
- Framkvæmdastjóri er skráður í fyrirtækjaskrá RSK
- Fyrirtækið er virkt samkvæmt skilgreiningu Creditinfo
- Rekstrartekjur voru a.m.k. 50 m.kr. rekstrarárin 2018–2020
- Eignir voru a.m.k. 100 m.kr. rekstrarárin 2018–2020
- Ársniðurstaða var jákvæð rekstrarárin 2018–2020
- Hefur skilað nýjasta ársreikningi á réttum tíma




Kolefnisjöfnun



Samstarf við Lionsklúbb Keflavíkur og Kolvið um kolefnisjöfnun CO₂ af bílaflota fyrirtækisins frá árinu 2021.



Frekari og ítarlegri upplýsingar



hsveitur.is



og YouTube

hsveitur@hsveitur.is



HS VEITUR

Við færum þér
þægindin heim

